Fundargerð

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Viðstaddir		
Páll B. Guðmundsson	PBG	SSH
Hildigunnur Hafsteinsdóttir	HH	SSH
Ómar Einarsson	ÓE	ÍTR
Magnús Árnason	MÁ	Skíðasvæðin
Ásthildur Helgadóttir	ÁH	Kópavogi
Guðmundur Sverrisson	GS	Hafnarfirði
Þorvaldur Daníelsson	ÞD	Form Skíðasvæðanna
Einar K. Stefánsson	EKS	VSÓ Ráðgjöf

Forfallaðir

13.12.2022

15239

Fundarritari

EKS / einar@vso.is

Tilefni

Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

Fundur þriðjudaginn 13.12.2022 kl. 13:00.

1 Síðasta fundargerð

Fundargerð 0212.2022 samþykkt.

2 Kynning TechnoAlpin

Fulltrúar TechnoAlpin kynntu fyrirtækið og snjóframleiðsluverkefnið í Bláfjöllum.

3 Lyftur Bláfjöll

EKS kynnti drög að samningi við Doppelmayr um afhendingu og uppgjör lyfta.

- ⇨ Ef/þegar samningur næst mun hann verða sendur til verkefnishóp til samþykktar og áfram til stjórnar SSH.

Stefnt er að úttektum byggingarfulltrúa Kópavogs á lyftunum föstudaginn 10.12.22 – eða eins fljótt og verða má. Boða þarf slökkvilið með til úttektarinnar.

- ⇨ ÁH mun hlutast til um að hraða málinu eins og unnt er

Hliðarverkefni lyftanna eru á lokametrunum. Endurgera þurfti meira af lýsingu en ráð var fyrir gert og hækkar kostnaður úr 14 m.kr sem upphaflega var áætlað í um 45 m.kr. Önnur verkefni eru undir áætlunum og vinna á móti.

4 Snjóframleiðsla 1. áfangi

RSFS vonast til að geta afhent verkábyrgð í vikunni og þá unnt að skrifa undir samning.

- ⇨ Mikilvægt að klára málið því verktími er breyttur frá útboðsgögnum og verkið skarast við framkvæmdir við snjóframleiðslukerfin

TechnoAlpin er að afla verkábyrgðar og stilla upp greiðsluáætlun. Ólíklegt er að unnt sé að skrifa undir samning fyrr en á nýju ári.

MÁ reifaði þá hugmynd skíðasvæðanna að fjárfesta í beltagröfu og nýta eigin vélamenn til ýmissa minni framkvæmda og/eða verktöku jarðvinnu fyrir TechnoAlpin. EKS telur þá skynsamlegast að slík vinna væri alveg aftengt rekstri samnings við TA.

- ⇨ MÁ mun taka málið upp í samstarfsnefnd

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Skíðasvæðin telja nauðsynlegt að ráðast í neðangreind hliðarverkefni á næsta ári:

- Landmótun Kóngsgil
- Lýsing Kóngsgil
- Færsla brettalyftu og snjógirðinga

Öll þessi verkefni hafa áhrif á framkvæmdir við gerð snjóframleiðslukerfanna og þurfa að vinnast á undan eða samhliða. Mikilvægt að fá skýra mynd á þau sem fyrst og passa að þau trufli ekki framkvæmdir á vegum TA.

⇨ MÁ mun vinna frekari áætlanir og kostnaðarmat

Skíðasvæðin og TA telja heppilegustu staðsetningu stjórnstöðvar- og dæluhúss (P/C) við norðurhlið botnstöðvar Drottningar. Þar var líka áformað að koma fyrir spennistöð norðursvæðis og húsnæði fyrir varaafl - sem hvorutveggja er nú staðsett í gömlu botnstöðinni sem rifin verður 2023/2024.

⇨ EKS mun stilla upp verðfyrirspurnargögnum fyrir hönnun og byggingu húsnæðis fyrir spenni norðursvæðis, spenni snjóframleiðslu og varaafl (bjóði ÍAV/TA í verkið er mögulegt að sameina þessa hýsingu við P/C húsið).

5 Skálafell

Unnið er að innviðagreiningu. Stefnt að fundi með Veitum fljótlega til að ræða valkosti varðandi fyrirkomulag rafdreifikerfa þ.m.t. fjölda og staðsetningu spennistöðva.

6 Salerni Suðursvæði

Salernin er uppsett og unnið að lokafrágangi og tengingum.

7 Gönguskíðasvæði Bláfjöll

Snjógirðingar eru á lokametrunum, en öðru lokið.

8 Fjárhagsstaða/áætlanir

MÁ telur að heildarniðurstaða hliðarverkefna lyfta, gönguskíðasvæðis og salerna endi um 4 m.kr yfir áætlunum.

⇨ MÁ tekur verkefnin betur saman

ABA, EKS og MÁ vinna að endurskoðun fjárhagsáætlunar með breyttri uppsetningu og meira uppbroti á kostnaðarliðum.

⇨ Mikilvægt að klára sem fyrst því niðurstaða ársins 2022 hefur áhrif á samning um afhendingu og uppgjör lyftanna

9 Næsti fundur

Þriðjudaginn 20.12.22 kl. 13.00

Einar K. Stefánsson

Dreifing: Fundarmenn

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026